

GJALDSKRÁ

fyrir móttöku úrgangs í Stekkjarvík í Blönduósbae.

1. gr.

Stjórn Norðurár bs., sem er byggðasamlag Akrahrepps, Blönduósbaer, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar, ákveður gjöld fyrir móttöku úrgangs í urðunarstaðnum Stekkjarvík í Blönduósbae samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2. gr.

Heimild til gjaldtöku er m.a. byggð á reglugerð nr. 737/2003 og ákvæði 2.10 gr. í starfsleyfi urðunarstaðarins þar sem segir m.a.: „Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs, sbr. 11. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skal gjaldið að svo miklu leyti sem hægt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 1. mgr. gr. 2.11 í starfsleyfi þessu, og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar í 30 ár.“

3. gr.

Gjaldskrá vegna urðunar í Stekkjarvík:

Sorpflokkar	Skilgreining á úrgangi	kr./kg án vsk	Lágmarksgjald kr. án vsk
02 01 99	Veiðarfæri	15,00	2.000
02 02 00	Úrgangur frá vinnslu kjöts og fisks	12,00	2.000
02 02 99	Skel og annar úrgangur frá rækjuvinnslu	10,00	2.000
03 01 03	Spænicr, bútar, kurlað timbur	4,50	2.000
13 05 08	Blandaður úrgangur úr sandföngurum og olúskiljum	10,00	2.000
17 00 00	Úrgangur frá byggingu og niðurrifi mannvirkja	10,00	2.000
17 02 03	Plast	7,70	2.000
17 02 03 1	Grófur plastúrgangur - fiskikör o.þ.h.	10,00	2.000
17 06 01	Asbest, einangrunarefni sem inniheldur asbest	20,00	2.000
19 01 16	Ketilryk / kolasalli	15,00	2.000
20 01 02	Gler	7,70	2.000
20 01 99	Stór húsgögn, dýnur, grófur timburúrgangur	10,00	2.000
20 02 01	Úrgangur sem brotnar niður, lífrænn garðaúrgangur	7,70	2.000
20 03 01	Blandaður úrgangur frá sveitarfélögum	7,70	2.000
20 03 04	Eðja frá rotþrórn, skólphreinsun	15,00	2.000
20 03 07	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	7,70	2.000
02 01 02	Sláturúrgangur og dýrahæ	12,00	2.000
Annað	Aðstoð við að losa gáma vegna frosts	8.000 kr./skipti	8.000

Komi til urðunarstaðarins úrgangur sem ekki er heimilt að urða er flutningsaðili ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem af því hlýst.

4. gr.

Starfsmaður Norðurár bs. í Stekkjarvík ákveður, að fenginni lýsingu flutningsaðila og samkvæmt eigin mati, í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskránni. Flutningsaðili á úrgangi til urðunarstaðar ábyrgist greiðslu gjalda skv. gjaldskrá.

Starfsmaður annast sömuleiðis vigtun úrgangs og skráir magn og hver er viðskiptamaður.

5. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengis dóms, sbr. lokamálslið 4. mgr. 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Norðurár bs. 29. nóvember 2012, öðlast þegar gildi. Stjórn Norðurár bs. er heimilt að hækka gjaldskrána árlega í samræmi við breytingar á neyslúvísitölu, eins og hún er 1. janúar 2013, án þess að sú breyting sé auglýst sérstaklega í B-deild Stjórnartíðinda. Með gjaldskrá þessari fellur úr gildi fyrri gjaldskrá sem er nr. 52/2012.

F.h. stjórnar Norðurár bs., 6. desember 2012.

Magnús B. Jónsson, formaður stjórnar.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2012